



Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. apríl 2024
Tilvísun: 2024040584/GRB

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á persónuverndarlögum

Persónuvernd vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 26. mars 2024 um umsögn um frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (fjárhagsupplýsingar um einstaklinga) (pskj. 139, 139. mál á 154. löggjafarþingi.). Frumvarpið var fyrst lagt fram á 151. löggjafarþingi og Persónuvernd veitti umsögn um frumvarpið með bréfi, dags. 7. apríl 2021. Frumvarpið var svo aftur lagt fram óbreytt á 152. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Persónuvernd veitti umsögn um það frumvarp með bréfi, dags. 23. mars 2022, þar sem fyrri umsögn stofnunarinnar var ítrekuð. Loks var frumvarpið lagt fram efnislega óbreytt að mestu á 153. löggjafarþingi og veitti Persónuvernd umsögn um það frumvarp með bréfi, dags. 12. apríl 2023, þar sem fyrri umsagnar stofnunarinnar voru ítrekaðar.

Með vísan til þess að frumvarp það sem nú er óskað umsagnar um er óbreytt ítrekar Persónuvernd fyrri umsagnir sínar og fylgja þær hjálagt bréfi þessu.

Verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,


Gyða Ragnheiður Bergsdóttir

Hjálagt:

Umsögn Persónuverndar, dags. 7. apríl 2021
Umsögn Persónuverndar, dags. 23. mars 2022
Umsögn Persónuverndar, dags. 12. apríl 2023



Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 7. apríl 2021
Tilvísun: 2021030703/PS

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á persónuverndarlögum og fleiri lögum

Persónuvernd vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 18. mars 2021 um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, lögum nr. 33/2013 um neytendalán og lögum nr. 117/2016 um fasteignalán til neytenda (þskj. 923, 554. mál á 151. löggjafarþingi). Gerðar eru eftirtarandi athugasemdir við frumvarpið.

1.

Um 1. gr. frumvarpsins

Í 1. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 15. gr. laganna þar sem nú er mælt fyrir um að leyfi Persónuverndar þurfi til vinnslu upplýsinga sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga, þ.m.t. vanskilaskráningar og gerðar lánshæfismats, í því skyni að miðla þeim til annarra. Nánar tiltekið er sú breyting lögð til að í stað þessarar leyfisskyldu verði kveðið á um bann við slíkri vinnslu. Í umræddu ákvæði, eins og það er nú úr gærði gert, er á því byggt að vinnslan sé nauðsynleg til að draga úr áhættu við veitingu fjárhagslegrar fyrirgreiðslu en jafnframt að henni þurfi að setja mörk í ljósi einkalífshagsmuna einstaklinga. Leyfisskyldan, sem ákvæðið mælir fyrir um, þjónar því markmiði

Ljóst er að löggjafinn getur hreyft við framangreindu hagsmunamati innan ramma stjórnarskrár og mannréttindaskuldbindinga, svo og skuldbindinga samkvæmt EES-samningnum. Vísast í því sambandi til grunnreglunnar um friðhelgi einkalífs samkvæmt 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, almennu persónuverndarreglugerðarinnar (EUSB) 2016/679, svo og 9. gr. tilskipunar 2008/48/EUSB um lánsamninga fyrir neytendur og 21. gr. tilskipunar 2014/17/EUSB um lánsamninga fyrir neytendur í tengslum við íbúðarhúsnæði. Síðastnefndu tvö ákvæðin gera ráð fyrir að lánveitendum skuli tryggður aðgangur að gagnagrunnum til að meta lánshæfi. Samkvæmt 28. lið formála tilskipunar 2008/48/EUSB og 60. lið formála tilskipunar 2014/17/EUSB getur hér verið um að ræða gagnagrunna á vegum opinberra aðila og einkaadila og kemur þar auk þess fram að aðgangur að þeim á að tryggja jafna samkeppni milli lánveitenda. Jafnframt er hins vegar vísað til þess í 9. gr. fyrnefndu tilskipunarinnar og meðal annars 59., 61. og 62. lið formála 21. gr. þeirrar síðarnefndu að fara verði að persónuverndarlöggjöf í tengslum við umrædda gagnagrunna.



2.

Um 2. og 3. gr. frumvarpsins

Auk fyrrgreindrar tillögu að breytingu á 15. gr. laga nr. 90/2018 er í 2. og 3. gr. frumvarpsins lagt til að samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laga nr. 33/2013 og 7. mgr. 22. gr. laga nr. 117/2016 verði óheimilt að líta til upplýsinga um vanskil neytenda vegna tiltekinnar kröfu sé búið að afskrá hana af vanskilaskrá. Í þessu sambandi skal bent á að verði 1. gr. frumvarpsins samþykkt verður miðlun upplýsinga úr slíkum skráum óheimil og ætti þá ekki að gerast þörf á samþykkt 2. og 3. gr. frumvarpsins til að ná fram markmiðum þess. Verði 1. gr. hins vegar ekki samþykkt er ljóst 2. og 3. gr. hafa sjálfstætt gildi og reynir þar á sambærilegt hagsmunamat og fyrr greinir, þ.e. hvorir hagsmunirnir eigi að veða þyngra, einkalífshagsmunir eða hagsmunir af öryggi í viðskiptum, og hvort, hvernig og hversu lengi eigi að mega vinna með upplýsingar eins og hér um ræðir við mat á lánshæfi. Skal tekið fram í því sambandi að Persónuvernd hefur nú álitæfni hvað það snertir til athugunar í tengslum við gerð staðlaðra skilmála í starfsleyfum til fjárhagsupplýsingastofa.

Að öðru leyti en að framan greinir gerir Persónuvernd ekki athugasemdir við frumvarpið, en tekið skal fram að verði frekari umsagnar óskað verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,


Helga Sigríður Þórhallsdóttir


Steinunn Birna Magnúsdóttir

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd

Reykjavík, 23. mars 2022
Tilvísun: 2022030549/GIÁ

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á persónuverndarlögum og fleiri lögum

Persónuvernd vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 11. mars 2021 um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, lögum nr. 33/2013 um neytendalán og lögum nr. 117/2016 um fasteignalán til neytenda (þskj. 60, 60. mál á 152. löggjafarþingi). Frumvarpið var lagt fyrir óbreytt á 151. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Persónuvernd veitir umsögn um það frumvarp með bréfi, dags. 7. apríl 2021, og er sú umsögn ítrekuð.

I.

Um 1. gr. frumvarpsins

Í 1. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 15. gr. laga nr. 90/2018 þar sem nú er mælt fyrir um að leyfi Persónuverndar þurfi til vinnslu upplýsinga sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga, þ.m.t. vanskilaskráningar og gerðar lánshæfismats, í því skyni að miðla þeim til annarra. Nánar tiltekið er sú breyting lögð til að í stað þessarar leyfisskyldu verði kveðið á um bann við slíkri vinnslu. Í umrædda ákvæði, eins og það er nú úr gærði gert, er á því byggt að vinnslan sé nauðsynleg til að draga úr áhættu við veitingu fjárhagslegrar fyrirgreiðslu en jafnframt að henni þurfi að setja mörk í ljósi einkalífshagsmuna einstaklinga. Leyfisskyldan, sem ákvæðið mælir fyrir um, þjónar því markmiði.

Ljóst er að löggjafinn getur hreyft við framangreindu hagsmunamati innan ramma stjórnarskrár og mannréttindaskuldbindinga, svo og skuldbindinga samkvæmt EES-samningnum. Vísast í því sambandi til grunnreglunnar um friðhelgi einkalífs samkvæmt 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, almennu persónuverndarreglugerðarinnar (ESB) 2016/679, svo og 9. gr. tilskipunar 2008/48/ESB um lánssamninga fyrir neytendur og 21. gr. tilskipunar 2014/17/ESB um lánssamninga fyrir neytendur í tengslum við íbúðarhúsnæði. Síðastnefndu tvö ákvæðin geta ráð fyrir að lánveitendum skuli tryggður aðgangur að gagnagrunnum til að meta lánshæfi. Samkvæmt 28. lið formála tilskipunar 2008/48/ESB og 60. lið formála tilskipunar 2014/17/ESB getur hér verið um að ræða gagnagrunna á vegum opinberra aðila og einkaaðila og kemur þar auk þess fram að aðgangur að þeim á að tryggja jafna samkeppni milli lánveitenda. Jafnframt er hins vegar vísað til þess í 9. gr. fyrrnefndu tilskipunarinnar og meðal annars 59., 61. og 62. lið formála 21. gr. þeirrar síðarnefndu að fara verði að persónuverndarlöggjöf í tengslum við umrædda gagnagrunna.



2.

Um 2. og 3. gr. frumvarpsins

Auk fyrrgreindrar tillögu að breytingu á 15. gr. laga nr. 90/2018 er í 2. og 3. gr. frumvarpsins lagt til að samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laga nr. 33/2013 og 7. mgr. 22. gr. laga nr. 117/2016 verði óheimilt að líta til upplýsinga um vanskil neytenda vegna tiltekinnar kröfa sé búð að afskrá hana af vanskilaskrá. Í þessu sambandi skal bent á að verði 1. gr. frumvarpsins samþykkt verður miðlun upplýsinga úr slíkum skráum óheimil og ætti þá ekki að gerast þörf á samþykkt 2. og 3. gr. frumvarpsins til að ná fram markmiðum þess. Verði 1. gr. hins vegar ekki samþykkt er ljóst 2. og 3. gr. hafa sjálfstætt gildi og reynir þar á samþæfilegt hagsmunamat og fyrr greinir, þ.e. hvorir hagsmunirnir eigi að veða þyngra, einkalífshagsmunir eða hagsmunir af öryggi í viðskiptum, og hvort, hvernig og hversu lengi eigi að mega vinna með upplýsingar eins og hér um ræðir við mat á lánsþæfi.

Að öðru leyti en að framan greinir gerir Persónuvernd ekki athugasemdir við frumvarpið, en tekið skal fram að verði frekari umsagnar óskað verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,


Þórunn Sveinsson


Gunnar Ingi Ágústsson

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd

Reykjavík, 12. apríl 2023
Tilvísun: 20230306-49/IAH

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á persónuverndarlögum


1.


Persónuvernd vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 30. mars 2023 um umsögn um frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (fjárhagsupplýsingar um einstaklinga) (þskj. 103, 103. mál á 153. löggjafarþingi). Frumvarpið var fyrst lagt fram á 151. löggjafarþingi og Persónuvernd veitti umsögn um frumvarpið með bréfi, dags. 7. apríl 2021. Frumvarpið var svo aftur lagt fram óbreytt á 152. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Persónuvernd veitti umsögn um það frumvarp með bréfi, dags. 23. mars 2022, þar sem fyrri umsögn stofnunarinnar var ítrekuð.

Með vísan til þess að frumvarp það sem nú er óskað umsagnar um er efnislega óbreytt að mestu ítrekar Persónuvernd fyrri umsagnir sínar og fylgja þær hjálagt bréfi þessu.

Verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,


Steinunn Birna Magnúsdóttir


Inga Amal Hasan

Hjálagt:

Umsögn Persónuverndar, dags. 7. apríl 2021
Umsögn Persónuverndar, dags. 23. mars 2022